

## Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu rúmum 1,5 milljörðum króna í október en þar af voru rúmir 1,4 milljarðar króna vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í október 2010 rúmum 2 milljörðum króna. Meðalútlán almennra lána voru um 9,2 milljónir króna í október. Heildarfrjárhæð almennra lána fyrstu 10 mánuði ársins er samtals um 19,2 milljarðar króna en var um 14,9 milljarðar króna á sama tímabili 2010.


Þann 30. september síðastliðinn fór fram útböð íbúðabréfa og bárust gild tilboð að nafnvirði 6,4 milljarðar króna sem samsvarar um 9,8 milljörðum króna að markaðsvirði. Ákveðið var að taka tilboðum í eftirtalin íbúðabréf: HFF150434 að nafnvirði 1,1 milljarðar króna (1,6 milljarðar króna að markaðsvirði), vegin ávöxtunarkrafa án þóknunar 3,13%. HFF150644 að nafnvirði 2,8 milljarðar króna (4,5 milljarðar króna að markaðsvirði), vegin ávöxtunarkrafa án þóknunar 3,21%.

Uppgjörsgdagur viðskiptanna var 3. október 2011 og vegin heildarávöxtunarkrafa tekinna tilboða án þóknunar var 3,19% og 3,20% með þóknun. Vaxtaákvörðun Íbúðalánasjóðs byggir á ávöxtunarkröfu í útböði íbúðabréfanna ásamt vegnum fjármagnskostnaði uppgreiðslna ÍLS-veðbréfa. Vaxtaálag vegna rekstrar er 0,45%, vegna útlánaáhattu 0,45% og vegna uppgreiðsluáhattu 0,50%. Vegnir vextir í útböðinu og uppgreiddra ÍLS-bréfa eru 3,54% og haldast útlánavextir sjóðsins því óbreyttir að svo stöddu, 4,40% með uppgreiðsluákvæði og 4,90% án uppgreiðsluákvæðis.

Ávöxtunarkrafa á HFF24, HFF34 og HFF44 lækkaði í október og nam lækkunin 30-43 punktum eftir flokkur. Ávöxtunarkrafa HFF14 lækkaði um 139 punkta. Frá áramótum hefur ávöxtunarkrafa allra flokka íbúðabréfa lækkað um 42-109 punkta en lækkun ávöxtunarkröfu HFF14 nemur um 505 punktum.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 61 milljarði króna í október samanborið við um 47 milljarða í september 2011.

Greiðslur íbúðalánasjóðs vegna íbúðabréfa og annarra skuldbindinga námu tæpum 8,4 milljörðum króna í október. Uppgreiðslur í október námu um 1,3 milljörðum króna.



## Útböð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

### Niðurstaða 2011

Í milljörðum króna	Áætlun Q4	Raun Q4	Áætlun 2011*	Raun jan-okt 2011
Útgáfa íbúðabréfa**	7 - 9	3,9	14 - 18	13,9
Samtals ný útlán ÍLS	6 - 8	1,5	12 - 16	21,0
<b>Greiðslur ÍLS</b>	18 - 20	8,3	33 - 37	64,1


\*Skv. áætlun fyrir Q3 og Q4

\*\*Útgáfa á nafnvirði

### Endurskoðuð áætlun 2011

Í milljörðum króna	3Q	4Q	Samtals
Útgáfa íbúðabréfa (Nafnverð)	7 - 9	7 - 9	14 - 18
Útgáfa íbúðabréfa (Áætlað markaðsverð)	10 - 13	10 - 13	20 - 26
Ný útlán ÍLS	6 - 8	6 - 8	12 - 16
<b>Greiðslur ÍLS</b>	15 - 17	18 - 20	33 - 37

## Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa



Flokkur	ágú. 2011	sept. 2011	okt. 2011	Meðal-líftími	Nafn-verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	-0,61%	-1,81%	-3,19%	1,7	70,7	24,0
HFF24	2,25%	2,32%	1,98%	6,1	164,2	116,3
HFF34	3,12%	3,09%	2,66%	10,0	176,3	148,6
HFF44	3,23%	3,17%	2,87%	13,7	271,2	247,7

\*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.

Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok október '11.


Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í hverjum flokki

sem tilheyrta lánafrýrgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.


## Eigendur íbúðabréfa 30. júní 2011

Eigendur	Hluti
Lífeyrissjóðir	57%
Erlendir aðilar	18%
Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir	7%
Lánafyrirtæki	5%
Bankar og sparissjóðir	4%
Íbúðalánasjóður	3%
Önnur fyrirtæki	3%
Einstaklingar	2%
Aðrir	1%

## Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ISK)



## Mánaðarleg heildarútlán Íbúðalánasjóðs



## Útböð íbúðabréfa

